

Ár 2018, fimmtudaginn 14. júní, var fundur í kjararáði í Skuggasundi 3 í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör fyrir ýmis störf sem heyra undir kjararáð**

#### **I.**

Kjararáð tók til starfa 1. júlí 2006 og starfar nú samkvæmt lögum nr. 130/2016 með síðari breytingum. Lögin tóku gildi 1. júlí 2017 og leystu af hólmi lög nr. 47/2006. Með nýjum lögum var þeim fækkað sem heyra undir úrskurðarvald ráðsins um laun og starfskjör. Alþingi samþykkti 11. júní 2018 að framangreind lög nr. 130/2016 um kjararáð falli úr gildi 1. júlí 2018.

Í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða með lögum nr. 130/2016 segir að málum sem tekin hafa verið til meðferðar við gildistöku laganna skuli lokið samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/2006. Með lögum nr. 37/2017, um breytingu á lögum nr. 130/2016, var frestað til 1. janúar 2018 að færa ákvörðunarvald um laun forstöðumanna ríkisstofnana frá kjararáði og ráðinu gert að ákvarða áfram laun þeirra samkvæmt eldri lögum nr. 47/2006 fram til þess tíma, sbr. áðurnefnt bráðabirgðaákvæði.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana.

Öll þau mál sem hér er fjallað um voru tekin til meðferðar fyrir 1. janúar 2018 og fer því um þau samkvæmt lögum nr. 47/2006.

#### **II.**

Fyrir kjararáði liggja erindi sem varða 48 einstök störf sem afgreiða ber á grundvelli fyrrnefnds bráðabirgðaákvæðis. Erindin bárust kjararáði á árunum 2016 og 2017 og tvö fyrir þann tíma. Í erindunum er gerð grein fyrir umræddum störfum og verkefnum forstöðumanna lýst.

Með vísan til 6. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006, var fjármála- og efnahagsráðuneyti og öðrum ráðuneytum vegna starfsmanna og stofnana sem undir þau heyra, gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna hvers einstaks erindis. Í kjölfarið fékk viðkomandi send bréf ráðuneytanna til kynningar og gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Margir þeirra sendu kjararáði í framhaldi af því athugasemdir sínar, auk þess sem sumir óskuðu eftir fundi með ráðinu og var þá orðið við því.

#### **III.**

Störf þau sem um er fjallað í þessum úrskurði eru:

##### **1.**

Forstjóri Einkaleyfastofunnar. Samkvæmt reglugerð nr. 188/1991 er hlutverk Einkaleyfastofunnar að fara með málefni er varða einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Stofnuninni ber að veita einstaklingum, stofnunum og atvinnufyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf varðandi hugverkaréttindi í iðnaði og stuðla að því að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverkaréttindum verði aðgengileg almenningi. Nánar er fjallað um verkefni Einkaleyfastofunnar í lögum um einkaleyfi nr. 17/1991, lögum um vörumerki nr. 45/1997, lögum um hönnun nr. 46/2001, lögum um faggildingu o.fl. nr. 24/2006 og lögum um félagamerki nr. 155/2002, öll með síðari breytingum.

Í nefndri reglugerð segir að iðnaðarráðherra skipi forstjóra Einkaleyfastofunnar og er hann jafnframt vörumerkjaskrárritari. Forstjóri stýrir stofnuninni, ræður starfslið og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar.

## 2.

Forstjóri Matvælastofnunar. Samkvæmt lögum nr. 30/2018 fer Matvælastofnun með stjórnábyrgð matvælamála samkvæmt þeim lögum, auk þess sem fleiri lög mæla fyrir um starfsemi stofnunarinnar. Matvælastofnun skal með starfsemi sinni stuðla að neytendavernd, heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Hlutverk Matvælastofnunar er að fara með stjórnábyrgð og eftirlit í samræmi við nefnd lög og önnur lög, meðal annars varðandi matvæli, dýraheilbrigði, dýravelferð, jarðrækt, fóður, sóttvarnir og viðbragðsáætlanir, fiskeldi, kjötmat, inn- og útflutningseftirlit og stuðningsgreiðslur í landbúnaði. Matvælastofnun skal jafnframt veita ráðherra ráðgjöf um þá málaflokka sem falla undir starfssvið stofnunarinnar, þar með talið aðstoð við stefnumótun, undirbúning laga og stjórnvaldsfyrirmæla og alþjóðlegt samstarf. Stofnunin skal veita öðrum stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um mál á starfssviði stofnunarinnar. Þá skal hún vinna að samræmingu og skilvirkni opinbers eftirlits á starfssviði sínu, vinna að aðgengi að erlendum mörkuðum fyrir íslenskar afurðir og veita hagsmunaaðilum og almenningi fræðslu um málefni á starfssviði stofnunarinnar. Matvælastofnun starfrækir umdæmisstofur sem sinna eftirlitsstörfum og ákveður ráðherra fjölda umdæma og mörk milli þeirra. Forstjóri ákveður staðsetningu umdæmisstofa og ræður dýralækni sem veitir hverri stofu forstöðu og fer með þau verkefni sem héraðsdýralækni eru falin með lögum. Matvælastofnun starfrækir landamærastöðvar eftir þörfum til að hafa eftirlit með innflutningi búfjárafurða, sjávarafurða og lifandi ferskvatns- eða sjávardýra frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Matvælastofnun skal árlega gera áætlun um störf stofnunarinnar, birta skýrslu um starfsemina og setja stefnu um starfsemi sína og meginverkefni í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál.

Ráðherra skipar forstjóra Matvælastofnunar til fimm ára í senn. Hann ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar. Matvælastofnun skiptist í svið eftir viðfangsefnum. Forstjóri ræður sviðsstjóra yfir hvert svið. Ráðherra skipar þó sviðsstjóra yfir sérstöku sviði sem fer með málefni dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim auk málefna sem varða dýravelferð. Sá sviðsstjóri skal vera dýralæknir að mennt og nefnast yfirdýralæknir. Hann er skipaður til fimm ára. Ráðherra setur honum erindisbréf með hliðsjón af þeim verkefnum sem yfirdýralækni eru sérstaklega falin í lögum. Yfirdýralæknir heyrir undir forstjóra. Forstjóri ræður annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum.

## 3.

Forstjóri Neytendastofu. Neytendastofa starfar samkvæmt lögum nr. 62/2005 með síðari breytingum. Stofnunin sinnir stjórnábyrgð verkefnum á sviði neytendamála, vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu og mælifræði. Neytendastofa skal annast framkvæmd laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Einnig skal stofnunin hafa yfirumsjón með lögmælifræði og hagnýtri mælifræði og sjá um framkvæmd laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn. Þá skal Neytendastofa leysa af hendi þau verk sem henni eru falin í öðrum lögum. Neytendastofa skal stuðla að fræðslu til almennings um neytendamál og önnur verkefni sem stofnuninni eru falin með lögum eða reglugerðum. Neytendastofa skal skila ráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanakári. Skýrsluna skal birta opinberlega.

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra skipar forstjóra Neytendastofu til fimm ára í senn. Forstjóri stjórnar daglegum rekstri Neytendastofu og ræður aðra starfsmenn. Forstjóri ber

ábyrgð á að starfsemi og rekstur stofnunarinnar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

## 4.

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins. Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fer með framkvæmd samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum, en Samkeppniseftirlitið annast eftirlit samkvæmt lögnum og daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Markmið laganna er að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaðnum. Samkeppniseftirlitið hefur heimild til þess að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn ákvæðum laganna. Þeirri ákvörðun má skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Þriggja manna stjórn sem ráðherra skipar fer með yfirstjórn Samkeppniseftirlitsins. Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Samkeppniseftirlitsins og skulu meiri háttar efnislegar ákvarðanir bornar undir stjórn til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra og annast hann daglega stjórnun á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Hann skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir viðtækri þekkingu og reynslu á sviði samkeppnismála. Stjórnarmenn og forstjóri skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki vera í tengslum við atvinnurekstur. Þeir mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrot eða samkeppnislögum. Stjórnarmenn og forstjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

## 5.

Forstjóri Persónuverndar. Persónuvernd starfar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum. Alþingi samþykkti þann 13. júní 2018 ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem taka munu gildi 15. júlí 2018.

Samkvæmt lögum nr. 77/2000 annast Persónuvernd eftirlit með framkvæmd laganna og reglna samkvæmt þeim. Persónuvernd skal vera sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögnum ekki skotið til annarra stjórnvalda. Markmið laganna er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga á Íslandi hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna. Persónuvernd getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lögin og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. Persónuvernd afgreiðir leyfisumsóknir, tekur við tilkynningum og gefur fyrirmæli um tækni, öryggi og skipulag sem varðar vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd getur mælt fyrir um að vinnsla á persónuupplýsingum verði stöðvuð, persónuupplýsingar afmáðar eða skráð eytt, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla

persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt og getur framkvæmt hverja þá prófun eða eftirlitsaðgerð sem hún telur nauðsynlega og krafist nauðsynlegrar aðstoðar starfsfólks á slíkum vettvangi til að framkvæma prófun eða eftirlit. Persónuvernd getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Komi í ljós að fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði laganna er Persónuvernd heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð þegar í stað. Ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar samkvæmt ákvæðum laganna getur stofnunin ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirmælin beinast að þar til úr hefur verið bætt að mati hennar.

Dómsmálaráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Forstjóri annast daglega stjórn og ræður annað starfsfólk. Hann ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi Persónuverndar. Stjórn Persónuverndar ákveður að öðru leyti skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna hennar.

## 6.

Forstjóri Landhelgisgæslu Íslands. Samkvæmt lögum nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands sinnir stofnunin öryggisgæslu og björgun á hafi úti, fer með löggæslu á hafinu og gegnir öðrum verkefnum samkvæmt ákvæðum laganna, ákvæðum reglugerða á grundvelli þeirra og öðrum lögbundum fyrirmælum. Samkvæmt lögnum eru helstu verkefni Landhelgisgæslu Íslands löggæsla og eftirlit á hafinu umhverfis Ísland, ábyrgð og yfirstjórn á leit og björgun á sjó, aðstoð við björgun og sjúkraflutninga á landi, sjómælingar, sjókortagerð og sprengjueyðing. Landhelgisgæsla Íslands annast einnig rekstur íslenska loftvarnarkerfisins, þátttöku í samræmdu loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins, undirbúning og umsjón varnaræfinga og umsjón gistiríkjastuðnings. Landhelgisgæslunni er heimilt í samráði við ráðherra að taka að sér ólögbundin verkefni með samningum þegar sérstaklega stendur á. Þá er henni heimilt að fengnu samþykki ráðherra að taka þátt í samstarfsverkefni erlendis, enda verði slíkt verkefni ekki það umsvifamikið að stofnunin fái ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínum samkvæmt lögum.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands. Hann skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri stjórnar daglegum rekstri Landhelgisgæslunnar og er ráðherra til ráðgjafar og aðstoðar um allt er lýtur að málefnum hennar. Forstjóri ræður aðra starfsmenn og ákveður starfssvið þeirra í samræmi við þarfir stofnunarinnar, sérþekkingu þeirra og réttindi. Samkvæmt lögnum fara tilteknir starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, þar með talinn forstjóri, með lögregluvald þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögnum. Starfssvæði Landhelgisgæslu Íslands er hafið umhverfis Ísland, þ.e. innsævið, landhelgin, efnahagslögsagan og landgrunnið, auk úthafsins samkvæmt reglum þjóðaréttar. Landhelgisgæsla Íslands sinnir einnig verkefnum á landi í samstarfi við lögreglu og önnur yfirvöld.

## 7.

Ríkislögreglustjóri. Samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996 fer ríkislögreglustjóri með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra sem er æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu.

Hlutverk ríkislögreglustjóra samkvæmt lögreglulögum felst meðal annars í að kynna lögreglustjórum þær ákvarðanir handhafa ríkisvaldsins sem snerta starfsemi lögreglunnar og vinna að og fylgjast með því að þeim ákvörðunum verði fylgt í starfsemi lögreglunnar, að veita ráðherra upplýsingar um hvers konar lögreglumálefni og gera tillögur til ráðherra um almenn

fyrirmæli til lögreglustjóra. Þá skal hann vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar. Ríkislögreglustjóri annast alþjóðasamskipti á sviði löggæslu og veitir lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglustörfum. Hann annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu á landsvísu eða samstarf við lögreglu í öðru landi. Einnig fer ríkislögreglustjóri með yfirstjórn löggæsluverkefna sem krefjast viðamikils undirbúnings. Hann skal halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða, dagbók lögreglu með upplýsingum um erindi til lögreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum. Þá skal ríkislögreglustjóri annast málefni almannavarna í umboði dómsmálaráðherra, sbr. lög nr. 82/2008 um almannavarnir.

Í lögreglulögum er fjallað nánar um þau sérstöku verkefni sem ríkislögreglustjóra eru falin. Má þar sem dæmi nefna að ríkislögreglustjóri skal starfsrækja lögreglurannsóknardeild og greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Einnig skal ríkislögreglustjóri starfrækja rannsóknastofu sem hafi eftirlit með framkvæmd tæknirannsókna lögreglu, þar með talið rekstri miðlægra gagnagrunna lögreglu á því sviði. Hann skal annast erlend samskipti og samstarf vegna slíkra tæknirannsókna, halda skrá um horfið fólk og hafa umsjón með störfum kennslanefndar og útgáfu leiðbeininga og verklagsreglna um tæknirannsóknir sem ríkislögreglustjóri setur. Ríkislögreglustjóra er jafnframt falið að starfrækja mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu sem nánar er kveðið á um í VIII. kafla lögreglulaga.

Dómsmálaráðherra skipar ríkislögreglustjóra til fimm ára í senn. Hann skal, auk almennra skilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins, hafa náð 30 ára aldri, vera íslenskur ríkisborgari, vera svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, vera lögráða og hafa aldrei misst forræði á búi sínu, hafa hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglustjóri verður almennt að njóta. Þá skal hann hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- og meistaraprófi eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt.

## 8.

Forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, ÁTVR. Samkvæmt lögum um verslun með áfengi og tóbak nr. 86/2011 skal starfrækja sérstaka stofnun, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR, sem sinnir smásölu áfengis og heildsölu tóbaks undir stjórn ráðherra. ÁTVR skal haga starfsemi sinni í samræmi við áfengislög, tóbaksvarnalög og stefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Starfsemi ÁTVR skal miðuð við að hún sé sem hagkvæmust og afli tekna sem nægi til að greiða rekstrarkostnað og skila hæfilegum arði til ríkissjóðs, meðal annars með tilliti til þeirra eigna sem eru bundnar í rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt lögnum hefur ÁTVR einkaleyfi til að selja og afhenda áfengi í smásölu. ÁTVR skal starfa með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og vinna gegn skaðlegri neyslu áfengis og tóbaks.

Fjármála- og efnahagsráðherra skipar forstjóra ÁTVR til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi sem nýtist honum í starfi. Hann fer með stjórn stofnunarinnar, ber ábyrgð á daglegum rekstri og ræður aðra starfsmenn. Forstjóri ber ábyrgð á gerð ársskýrslu um rekstur og starfsemi ÁTVR og skal kynna hana fyrir ráðherra árlega.

## 9.

Fjársýslustjóri. Fjársýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Í lögnum segir að Fjársýsla ríkisins sé sérstök stofnun sem heyri undir fjármála- og

efnahagsráðherra. Fjársýslustjóri veitir Fjársýslu ríkisins forstöðu og er skipaður af ráðherra til fimm ára í senn.

Fjársýsla ríkisins hefur yfirumsjón með bókhaldi og gerð ársreikninga ríkisaðila í A-hluta og skal tryggja að samræmis sé gætt við færslu bókhalds og gerð reikningskila hjá þeim. Fjársýsla ríkisins skal veita ríkisaðilum A-hluta aðstoð og ráðgjöf um bókhald og reikningskil, setja framkvæmdar- og verklagsreglur ásamt leiðbeiningum sem þýðingu geta haft við færslu bókhalds og gerð ársreikninga. Fjársýsla ríkisins annast féhirslu ríkisins, launaafgreiðslu, bókhald og greiðsluþjónustu fyrir ríkissjóð og ríkisaðila í A-hluta samkvæmt nánari ákvörðun hennar, svo og móttöku innheimtufjár frá ríkisaðila ásamt innheimtu á skuldabréfum og kröfum. Stofnunin annast greiðslu fjárframlaga úr ríkissjóði í samræmi við fjárveitingar. Fjársýsla ríkisins hefur yfirumsjón með rekstri sameiginlegra upplýsingakerfa sem tengjast fjármálum hjá ríkisaðilum í A-hluta svo sem innheimtu, bókhaldi og starfsmannahaldi. Jafnframt ákveður stofnunin hvernig uppbyggingu og rekstri fjárhagsupplýsingakerfa ríkisaðila skuli hagað. Fjársýsla ríkisins annast mánaðarlegt og ársfjórðungslegt uppgjör A-hluta ríkissjóðs ásamt því að sjá um gerð ríkisreiknings.

#### 10.

Forstjóri Ríkiskaupa. Samkvæmt lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup er Ríkiskaup miðlæg innkaupastofnun á vegum ríkisins. Markmið laganna er að tryggja jafnræði fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Ríkiskaup skulu með gagnsæjum og hagkvæmum hætti annast innkaup fyrir ríkisstofnanir, rannsaka sameiginlegar þarfir fyrir vörur og þjónustu, beita sér fyrir sameiginlegum innkaupum til þarfa ríkisins og stuðla að þróun skilvirkra innkaupakerfa. Einnig skal stofnunin láta í té aðstoð og leiðbeiningar um útboð og innkaup eftir því sem þörf krefur. Ríkiskaup gera rammasamninga fyrir hönd ríkisins, þar sem lagt er mat á hæfi, verð og eftir atvikum magn innkaupa, og annast útboð og önnur innkaupaferli sem fram fara á vegum ríkisstofnana vegna innkaupa, hvort heldur er yfir innlendum viðmiðunarfjárhæðum eða viðmiðunarfjárhæðum fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Ríkiskaup selja ríkisstofnunum og öðrum opinberum aðilum þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur, að fengnum tillögum forstjóra Ríkiskaupa. Gjaldskráin skal miðast við að tekjur standi undir rekstri stofnunarinnar.

Forstjóri Ríkiskaupa veitir stofnuninni forstöðu og er skipaður af fjármála- og efnahagsráðherra til fimm ár í senn. Forstjóri gerir fjárhagsáætlun stofnunarinnar og mótar stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti hennar.

#### 11.

Ríkisskattstjóri. Kveðið er á um hlutverk og verkefni ríkisskattstjóra í fjölmörgum lögum. Sem dæmi má nefna lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988, lög um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 og lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996, öll ásamt síðari breytingum. Ríkisskattstjóri ber ábyrgð á álagningu opinberra gjalda og annarra skatta og gjalda og annast skatteftirlit. Hann setur og birtir framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum. Landið er eitt skattumdæmi og skal starfsstöðvum skipað niður samkvæmt ákvörðun ráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 með síðari breytingum skipar fjármála- og efnahagsráðherra ríkisskattstjóra til fimm ára í senn. Engan má skipa í það embætti nema hann uppfylli eftirgreind skilyrði: Hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, sé lögráða og hafi forræði fjár síns, sé íslenskur ríkisborgari og hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða

viðskiptafræði eða sé löggiltur endurskoðandi. Víkja má frá menntunarskilyrðum hafi maður aflað sér víðtækrar sérmenntunar eða sérþekkingar um skattalöggjöf og framkvæmd hennar.

## 12.

Skattrannsóknarstjóri. Skattrannsóknarstjóri ríkisins fer með rannsóknir skattsvika og annarra skattalagabrota. Samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt skal skattrannsóknarstjóri ríkisins hafa með höndum rannsóknir samkvæmt þeim lögum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af ríkisskattstjóra eða honum falin framkvæmd á. Nánar er fjallað er um hlutverk og verkefni skattrannsóknarstjóra ríkisins í lögum á sviði skattamála. Sem dæmi má nefna lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988, lög um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 og lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996, öll með síðari breytingum. Í reglugerð nr. 373/2001 er fjallað um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna, þar með talið hvernig standa skuli að rannsókn og refsimeðferð mála. Telji skattrannsóknarstjóri efni til refsimeðferðar getur hann hlutast til um refsimeðferð. Sams konar ákvæði er að finna í öðrum skattalögum. Skattrannsóknarstjóra er einnig falið hlutverk við rannsókn og refsimeðferð vegna brota á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 með síðari breytingum og lögum um bókhald nr. 145/1994 með síðari breytingum.

Fjármála- og efnahagsráðherra skipar skattrannsóknarstjóra ríkisins til fimm ára í senn. Skal hann fullnægja sömu skilyrðum og sett eru í lögum um embættisgengi ríkisskattstjóra. Skilyrðin eru að hann hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, sé lögráða og hafi forræði fjár síns, sé íslenskur ríkisborgari og hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði eða sé löggiltur endurskoðandi. Víkja má frá menntunarskilyrðum hafi maður aflað sér víðtækrar sérmenntunar eða sérþekkingar um skattalöggjöf og framkvæmd hennar.

## 13.

Tollstjóri. Helstu ákvæði um embætti tollstjóra eru í tollalögum nr. 88/2005, með síðari breytingum, og í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, með síðari breytingum.

Tollstjóri fer með tollamálefni í umboði fjármála- og efnahagsráðherra. Samkvæmt tollalögum er landið eitt tollumdæmi en tollstjóra er heimilt með samþykki ráðherra að gera samninga við sýslumenn og lögreglustjóra um að þeir annist í umboði hans tiltekna þætti tollframkvæmdar í umdæmum þeirra. Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum sem því tilheyra, svo og tólf mílna landhelgi umhverfis það eins og hún er afmörkuð í lögum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Til tollsvæðis ríkisins telst enn fremur loftrými yfir fyrrgreindu land- og hafsvæði.

Hlutverk tollstjóra samkvæmt tollalögum er meðal annars að annast tollframkvæmd á landsvísu; leggja á og innheimta tolla og aðra skatta og gjöld sem greiða ber við tollafgreiðslu; hafa eftirlit með inn-, um- og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu; aðstoða ráðherra við tollamálefni; vinna að hagræðingu og einföldun tollframkvæmdar; vinna með öðrum stjórnvöldum og stofnunum sem tengjast starfssviði hans; reka tölvukerfi; sinna greiningarstarfi við áhættustjórnun við tolleftirlit; reka Tollskóla ríkisins; afla upplýsinga um milliríkjavíðskipti til hagskýrslugerðar auk annarra verkefna sem honum eru falin með lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Tollstjóri, löglærðir fulltrúar hans og tollverðir fara með tollgæsluvald samkvæmt tollalögum.

Tollstjóri er innheimtumaður ríkissjóðs í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt lögum um tekjuskatt er tollstjóra að auki falið að annast verkefni sem lúta að framkvæmd við innheimtu skatta og gjalda. Má þar nefna stefnumótun á sviði innheimtumála á landsvísu með hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi varðandi innheimtu opinberra gjalda að leiðarljósi. Í þessu skyni skal tollstjóri meðal annars annast áhættugreiningu á sviði

innheimtu opinberra gjalda. Þá gegnir tollstjóri samræmingar- og eftirlitshlutverki gagnvart öðrum innheimtumönnum ríkissjóðs, meðal annars með setningu verklagsreglna. Tollstjóra er heimilt að beina bindandi fyrirætlunum til annarra innheimtumanna um innheimtuadgerðir í einstökum málum ef settar reglur eru ekki virtar. Þá er tollstjóra falin umsjón og þróun tölvukerfa og rafrænnar stjórnsýslu á sviði innheimtu skatta og gjalda.

Fjármála- og efnahagsráðherra skipar tollstjóra til fimm ára í senn og skal hann fullnægja sömu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti. Tollstjóri ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri embættis tollstjóra. Tollstjóri skipar tollverði til fimm ára í senn. Hann ræður aðra starfsmenn við embættið.

#### 14.

Yfirkattanevndarmenn sem hafa það starf að aðalstarfi. Yfirkattanevnd starfar samkvæmt lögum nr. 30/1992 um yfirkattanevnd með síðari breytingum. Í lögnum segir að ágreiningsmál um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna, þar með talið rekstrartap, skuli úrskurðuð af sérstakri óháðri nefnd, yfirkattanevnd. Nefndin skal úrskurða í kærumálum vegna skatta og gjalda sem lögð eru á eða ákvörðuð af ríkisskattstjóra og einnig í kærumálum vegna þeirra ákvarðana tollstjóra sem greinir í 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 með síðari breytingum. Jafnframt tekur úrskurðarvald yfirkattanevndar til annarra ákvarðana ríkisskattstjóra og tollstjóra eftir því sem mælt er fyrir um í lögum. Þá skal yfirkattanevnd úrskurða í kærumálum vegna ákvörðunar skatta og gjalda sem lögð eru á eða ákvörðuð af öðrum stjórnvöldum en greinir hér að framan eftir því sem ákveðið er í lögum. Yfirkattanevnd skal einnig úrskurða um sektir vegna brota á skattalögum, lögum um bókhald og lögum um ársreikninga eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Úrskurður yfirkattanevndar er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi.

Í yfirkattanevnd sitja sex menn sem skipaðir eru til sex ára í senn. Fjórir þeirra skulu hafa starfið að aðalstarfi og úr þeirra hópi skipar fjármála- og efnahagsráðherra formann og varaformann nefndarinnar. Nefndarmenn skulu uppfylla skilyrði 85. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 um embættisgengi ríkisskattstjóra. Þannig skulu þeir hafa óflekkað mannorð eða ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Þeir skulu vera lögráða og hafa forræði fjár síns, íslenskir ríkisborgarar og hafa lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði eða vera löggiltir endurskoðendur. Víkja má frá menntunarskilyrðum hafi þeir aflað sér víðtækrar sérmenntunar eða sérþekkingar um skattalöggjöf og framkvæmd hennar.

Auk þessa skulu formaður og varaformaður yfirkattanevndar uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Formaður nefndarinnar hefur yfirstjórn hennar með höndum, ber á henni ábyrgð og fer með fyrirvar hennar út á við. Formaður úthlutar nefndarmönnum málum til meðferðar og skipar þeim í deildir ef yfirkattanevnd starfar deildaskipt. Varaformaður er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti þegar formaður situr eigi í nefnd. Ætíð skal annað hvort formaður eða varaformaður taka þátt í úrlausn máls.

#### 15.

Umboðsmaður barna. Samkvæmt lögum nr. 83/1994 er hlutverk umboðsmanns barna að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Með börnum er átt við einstaklinga undir 18 ára aldri. Umboðsmaður barna skal vinna að því að stjórnvöld, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirvarsmenn lögpersóna taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Í starfi sínu skal umboðsmaður barna setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Öllum er heimilt að leita til umboðsmanns barna með erindi sín. Hann tekur mál til meðferðar að eigin frumkvæði eða eftir rökstuddum ábendingum. Hann ákveður sjálfur hvort ábending gefur tilefni til meðferðar af hans hálfu. Umboðsmaður barna tekur ekki til meðferðar ágreining milli



einstaklinga, en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um leiðir sem færar eru innan stjórnsýslu og hjá dómstólum. Stjórnvöldum er skylt þrátt fyrir þagnarskyldu að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Með sama hætti er einstaklingum, félögum og samtökum einstaklinga skylt að veita umboðsmanni barna allar upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinn hlutverki sínu samkvæmt lögumum. Umboðsmaður barna skal einnig, þegar hann telur nauðsyn bera til, hafa óheftan aðgang að öllum stofnunum sem vista börn eða hafa afskipti af börnum á einn eða annan hátt í starfsemi sinni, hvort sem þær eru reknar af opinberum aðilum eða einstaklingum, félögum eða öðrum samtökum einstaklinga. Umboðsmanni barna ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfi og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmanns barna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Forsætisráðherra skipar umboðsmann barna til fimm ára í senn. Skipa má umboðsmann að nýju til fimm ára án auglýsingar en eigi oftara nema sérstaklega standi á. Umboðsmanni barna er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf eða takast á hendur verkefni sem eigi samrýmast starfi hans. Umboðsmaður barna ræður sjálfur starfsmenn embættisins. Honum er einnig heimilt að ráða sérfræðinga til að vinna að einstökum verkefnum. Forsætisráðuneytið skal hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Umboðsmaður barna skal árlega gefa ráðherra skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert. Að öðru leyti er umboðsmaður barna sjálfstæður og óháður fyrir mælum framkvæmdarvalds.

## 16.

Rektor Háskólans á Akureyri. Háskólinn á Akureyri starfar samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 með síðari breytingum, laga um háskóla nr. 63/2006 með síðari breytingum og reglna sem settar eru samkvæmt þeim lögum eftir því sem við á. Má þar nefna reglur fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 með síðari breytingum.

Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hann miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Háskóla er enn fremur heimilt að sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans. Ráðherra er heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum ótímabundið eða til ákveðins tíma. Um hlutverk háskóla fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 63/2006 um háskóla.

Háskóli sinnir kerfisbundnu eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna á grundvelli innra mats. Háskóli skal birta upplýsingar um innra gæðastarf skólans. Mennta- og menningar- málaráðherra ákveður hvenær ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna fer fram og gerir áætlanir um slíkt mat til þriggja ára. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að láta fara fram sérstakt mat á háskóla eða einstökum einingum hans ef ástæða þykir til.

Við Háskólann á Akureyri er nám á heilbrigðisvísindasviði, viðskipta- og raunvísindasviði og hug- og félagsvísindasviði. Boðið er upp á grunnnám í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, hjúkrunarfræði, iðjuþjálfun, kennarafræði (leik- og grunnskóla), líftækni, lögfræði, lögreglufræði, nútímafræði, sálfræði, sjávarútvegsfræði, tölvunarfræði og viðskiptafræði. Þá er boðið upp á framhaldsnám á heilbrigðisvísindasviði, í félagsvísindum, viðskiptafræði og auðlindafræði.

Stjórn Háskólans á Akureyri er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskólans. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild og ber ábyrgð á því að háskóli starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar rektor Háskólans á Akureyri til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors. Háskólaráð getur ákveðið hvort tilnefning þess fari fram að undangengnum kosningum eða auglýsingu embættisins. Samkvæmt reglum nr. 387/2009 um Háskólann á Akureyri skal háskólaráð tilnefna þrjá menn í valnefnd til að meta hæfni umsækjenda um embætti rektors. Hæfni þeirra skal metin í ljósi heildarmats með tilliti til vísinda- og útgáfustarfa, ferils sem háskólakennara eða í öðrum störfum, stjórnunarreynslu og með tilliti til þess hversu menntun og reynsla muni nýtast í starfi rektors. Engum má veita embætti rektors nema meirihluti valnefndar hafi látið í ljós það álit að viðkomandi teljist hæfur til að gegna starfinu.

Rektor er formaður háskólaráðs. Hann er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans, þar með talið ráðningar- og fjármálum einstakra skóla og stofnana. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði. Á milli funda háskólaráðs fer rektor með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor ræður forseta fyrir hvern skóla og setur honum erindisbréf. Háskólaráð getur heimilað að rektor ráði aðstoðarrektor einn eða fleiri. Rektor ræður starfsfólk sameiginlegrar stjórnsýslu háskóla og setur því erindisbréf eða starfslýsingar.

#### 17.

Rektor Háskólans á Hólum. Háskólinn á Hólum starfar samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 með síðari breytingum, laga um háskóla nr. 63/2006 með síðari breytingum og reglna sem settar eru samkvæmt þeim lögum eftir því sem við á. Má þar nefna reglur fyrir Háskólann á Hólum sem voru samþykktar 4. janúar 2017.

Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hann miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Háskóla er ennfremur heimilt að sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans. Ráðherra er heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum ótímabundið eða til ákveðins tíma. Um hlutverk háskóla fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 63/2006 um háskóla.

Háskóli sinnir kerfisbundnu eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna á grundvelli innra mats. Háskóli skal birta upplýsingar um innra gæðastarf skólans. Mennta- og menningarmálaráðherra ákveður hvenær ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna fer fram og gerir áætlanir um slíkt mat til þriggja ára. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að láta fara fram sérstakt mat á háskóla eða einstökum einingum hans ef ástæða þykir til.

Í fyrrnefndum starfsreglum segir að Háskólinn á Hólum sé vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á háskólastigi. Jafnframt segir að Háskólinn á Hólum sé miðstöð fyrir kennslu og rannsóknir í hestafræðum, reiðmennsku og reiðkennslu, fiskeldi og fiskalíffræði og ferðapjónustu í dreifbýli. Við skólann er heimilt að starfrækja alþjóðlega deild í reiðmennsku og hestafræðum þar sem innheimta má skólagjöld. Deildir Háskólans á Hólum eru ferðamáladeild, hestafræðideild og fiskeldis- og fiskalíffræðideild. Stjórn Háskólans á Hólum er heimilt að stofna til kennslu eða rannsókna á öðrum fræðasviðum enda uppfylli starfsemin skilyrði til viðurkenningar samkvæmt lögum um háskóla.

Stjórn Háskólans á Hólum er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskólans. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild og ber ábyrgð á því að háskólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar rektor Háskólans á Hólum til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors. Háskólaráð getur ákveðið hvort tilnefning þess fari fram að undangengnum kosningum eða auglýsingu embættisins. Við val á rektor skal háskólaráð tilnefna þrjá menn í valnefnd til að meta hæfni umsækjenda um embætti rektors. Hæfni þeirra skal metin í ljósi heildarmats með tilliti til vísinda- og útgáfustarfa, ferils sem háskólakennara eða í öðrum störfum, stjórnunarreynslu og með tilliti til þess hversu menntun og reynsla muni nýtast í starfi rektors. Engum má veita embætti rektors nema meirihluti valnefndar hafi látið í ljós það álit að viðkomandi teljist hæfur til að gegna starfinu.

Rektor er formaður háskólaráðs. Hann er jafnframt yfirmaður stjórnslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan hans. Hann stýrir starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans, þar með talið ráðningar- og fjármálum deilda og stofnana. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætla og að þær séu samþykktar af háskólaráði. Á milli funda háskólaráðs fer rektor með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor ræður deildarstjóra allra deilda og setur þeim erindisbréf eða starfslýsingar.

## 18.

Rektor Háskóla Íslands. Háskóli Íslands starfar samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 með síðari breytingum, laga um háskóla nr. 63/2006 með síðari breytingum og reglna sem settar eru samkvæmt þeim lögum eftir því sem við á. Má þar nefna reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 með síðari breytingum.

Háskóli er sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum, þekkingarleit og sköpun á sviði vísinda, fræða, tækniþróunar eða lista. Hann miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Háskóla er ennfremur heimilt að sinna endurmenntun þeirra sem lokið hafa háskólaprófi í þeim fræðum sem stunduð eru innan hans. Ráðherra er heimilt að fela einstökum háskólum að sinna kennslu eða rannsóknum á ákveðnum afmörkuðum sviðum ótímabundið eða til ákveðins tíma. Um hlutverk háskóla fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 63/2006 um háskóla.

Háskóli sinnir kerfisbundnu eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna á grundvelli innra mats. Háskóli skal birta upplýsingar um innra gæðastarf skólans. Mennta- og menningarmálaráðherra ákveður hvenær ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna fer fram og gerir áætlanir um slíkt mat til þriggja ára. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að láta fara fram sérstakt mat á háskóla eða einstökum einingum hans ef ástæða þykir til.

Fræðasvið eru meginskipulagseiningar Háskóla Íslands. Hvert fræðasvið um sig skiptist í deildir sem eru grunneiningar háskólans. Fræðasvið háskólans eru fimm: Félagsvísindasvið sem skiptist í félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, félagsráðgjafardeild, hagfræðideild, lagadeild, stjórn málafræðideild og viðskiptafræðideild; Heilbrigðisvísindasvið sem skiptist í hjúkrunarfræðideild, lyfjafræðideild, læknadeild, matvæla- og næringarfræðideild, sálfræðideild og tannlæknadeild; Hugvísindasvið sem skiptist í mála- og menningardeild, guðfræði- og trúarbragðafræðideild, íslensku- og menningardeild og sagnfræði- og heimspekideild. Menntavísindasvið sem skiptist í deild faggreinakennslu, deild heilsuefningar, íþrótt- og tómstunda, deild kennslu- og menntunarfræði og deild menntunar og margbreytileika. Verkfræði- og náttúruvísindasvið skiptist í iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, jarðvísindadeild, líf- og umhverfisvísindadeild, rafmagns- og tölvuverkfræðideild, vísindadeild og umhverfis- og byggingarverkfræðideild. Í Háskóla Íslands er mögulegt að stunda grunnnám, framhaldsnám og doktorsnám.

Stjórn Háskóla Íslands er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskólans. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild og ber ábyrgð á því að háskóli starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar rektor Háskóla Íslands til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors. Tilnefning háskólaráðs fer fram að undangengnum kosningum. Embættisgengir eru þeir einir sem hafa prófessorshæfi, leiðtogafileika og skýra og metnaðarfulla framtíðarsýn fyrir háskólann, ríka samskiptahæfni og víðtæka reynslu af stjórnun og stefnumótun. Háskólaráð ákvarðar hvaða umsækjendur uppfylla skilyrði um embættisgengi. Háskólaráð skipar kjörstjórn sem annast framkvæmd kosninga um rektor. Við rektorskjör eiga atkvæðisrétt allir þeir sem skipaðir eru eða ráðnir í starf við háskólann og stofnanir hans í samræmi við gildandi ráðningarsamning. Atkvæðisrétt hafa einnig akademískir starfsmenn á samstarfsstofnunum Háskóla Íslands sem starfa á grundvelli sérlaga. Þá eiga atkvæðisrétt allir stúdentar sem skrásettir eru í Háskóla Íslands við upphaf kjörfundar. Atkvæði starfsmanna skulu vega samtals 70% í kjörinu og atkvæði stúdenta 30%. Sá umsækjandi telst hafa hlotið tilnefningu í embætti rektors sem hlýtur meirihluta gildra atkvæða í kosningunni. Berist aðeins umsókn frá einum umsækjanda sem uppfyllir skilyrði um embættisgengi telst hann sjálfkjörinn og telst hafa hlotið tilnefningu til embættis rektors. Rektor má endurkjósa.

Rektor er forseti háskólaráðs. Hann er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans. Rektor ber ábyrgð á og hefur eftirlit með allri starfsemi háskólans, þar með talið ráðningar- og fjármálum einstakra skóla og stofnana. Hann ber ábyrgð á gerð starfs- og rekstraráætlana og að þær séu samþykktar af háskólaráði. Á milli funda háskólaráðs fer rektor með ákvörðunarvald í öllum málum háskólans. Rektor ræður forseta fyrir hvert fræðasvið samkvæmt verklagsreglum háskólaráðs og setur honum erindisbréf. Háskólaráð getur heimilað að rektor ráði aðstoðarrektor einn eða fleiri og skal rektor þá setja honum erindisbréf þar sem umboð hans er afmarkað. Rektor er heimilt að skipa starfsnefndir sem eru honum til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun og sinna tilteknum verkefnum samkvæmt erindisbréfi. Rektor veitir ótímabundin akademísk störf við Háskóla Íslands og framgang akademískra starfsmanna. Rektor ræður starfsfólk sameiginlegrar stjórnsýslu háskólans og setur því erindisbréf eða starfslýsingar.

## 19.

Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Kvikmyndamiðstöð Íslands starfar samkvæmt kvikmyndalögum nr. 137/2001 með síðari breytingum. Verkefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands er að styrkja framleiðslu og dreifingu íslenskra kvikmynda, stuðla að kynningu, útbreiðslu og sölu á íslenskum kvikmyndum hér á landi og erlendis og afla upplýsinga um íslenskar kvikmyndir og gefa þær út. Þá skal stofnunin efla kvikmyndamenningu á Íslandi og stuðla að auknum samskiptum við erlenda aðila á sviði kvikmyndamála.

Kvikmyndasjóður starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hlutverk sjóðsins er að efla íslenska kvikmyndagerð með fjárhagslegum stuðningi. Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands tekur endanlega ákvörðun um veitingu fjárstuðnings úr Kvikmyndasjóði til undirbúnings, framleiðslu og/eða dreifingar íslenskra kvikmynda. Í reglugerð um Kvikmyndasjóð nr. 229/2003 með síðari breytingum kemur fram að forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands sé ábyrgur fyrir því að öll skilyrði fyrir úthlutun séu uppfyllt. Forstöðumaður tekur endanlega ákvörðun um styrkveitingu úr Kvikmyndasjóði, að fengnu skriflegu listrænu mati kvikmyndaráðgjafa.

Á grundvelli samnings atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands hefur Kvikmyndamiðstöð Íslands umsjón með þjónustu vegna endurgreiðslukerfis

kvikmynda á grundvelli laga nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Samningurinn gildir til ársloka 2021 með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara og skal taka ákvörðun um framlengingu hans fyrir nóvember 2021.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndamiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn að fenginni umsögn kvikmyndaráðs. Forstöðumaðurinn skal hafa staðgóða þekkingu á kvikmyndamálum og íslenskri menningu. Hann fer með yfirstjórn Kvikmyndamiðstöðvar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við, ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaðurinn ráðningar annarra starfsmanna Kvikmyndamiðstöðvar.

20.

Landsbókavörður. Kveðið er á um hlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í lögum nr. 142/2011 og reglugerð nr. 170/2014. Safnið er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er einnig rannsóknarbókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Safnið sinnir virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála. Safnið er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag.

Samstarf Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Háskóla Íslands skal byggjast á sérstökum samstarfs- og þjónustusamningi. Safninu er heimilt að veita öðrum háskólum landsins þjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í gagnkvæmum þjónustusamningi við einstaka háskóla.

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er heimilt að innheimta gjöld fyrir þjónustu sína. Landsbókavörður setur gjaldskrá um alla gjaldtöku að fenginni umsögn stjórnar. Safninu er heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda. Landsbókavörður setur reglur um innheimtu dagsekta og bóta að fenginni umsögn stjórnar.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar sjö menn í stjórn safnsins til fjögurra ára í senn. Stjórnin er landsbókaverði til ráðgjafar um stefnu safnsins og önnur málefni sem varða starfsemi þess og veitir landsbókaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins. Landsbókavörður situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

Ráðherra skipar landsbókavörð til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar safnsins. Skal hann hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Landsbókavörður ákveður skipulag safnsins að fenginni umsögn stjórnar og annast daglega stjórnun á starfsemi og rekstri þess. Hann ræður starfsmenn og er í fyrirsvari fyrir safnið. Hann ber ábyrgð á rekstri safnsins og að starfsemin sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

21.

Forstöðumaður Listasafns Íslands. Samkvæmt myndlistarlögum nr. 64/2012 er Listasafn Íslands eign íslenska ríkisins og höfuðsafn á sviði myndlistar. Safnið skal einkum leitast við að safna íslenskri myndlist, vera miðstöð varðveislu, rannsókna, heimildasöfnunar og miðlunar á íslenskri myndlist. Listasafn Íslands veitir öðrum listasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu listasafna og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar. Listasafn Íslands skal leitast við að koma upp metnaðarfullu safni íslenskrar myndlistar, skrá það, rannsaka, varðveita og miðla, innan lands og utan. Listasafn Íslands skal kosta kapps um að efla íslenska myndlist og stuðla að framþróun hennar. Leitast skal við að safnkosturinn endurspegli sem best strauma og stefnur í íslenskri og alþjóðlegri myndlist á hverjum tíma. Listasafn Íslands skal afla heimilda um íslenska myndlist og stuðla að öflun og miðlun þekkingar á íslenskri myndlist til almennings og sérfæðinga til fræði- og rannsóknarstarfa. Safnið skal annast fræðslustarfsemi um innlenda og erlenda myndlist fyrir skóla, fjölmiðla og almenning.

Samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 eru höfuðsöfn þrjú: Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Þau eru öðrum söfnum til ráðgjafar og skulu stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði. Forstöðumenn höfuðsafna sitja fundi í safnaráði stöðu sinnar vegna. Höfuðsöfn skulu hafa forustu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila. Höfuðsöfn skulu leitast við að efla og auka þekkingu og færni starfsfólks safna og þau skulu annast kynningu á sérsviði sínu innan lands og utan. Þá segir í lögum að safnkostur höfuðsafna skuli vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Hann skuli jafnframt vera aðgengilegur til rannsókna.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar forstöðumann Listasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára í senn. Safnstjóri skal hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Safnstjóri stjórnar starfsemi og rekstri safnsins og mótar listræna stefnu þess. Hann ræður aðra starfsmenn safnsins og er í fyrirsvari fyrir það. Endurnýja má skipun safnstjóra einu sinni til næstu fimm ára. Safnstjóri situr í þriggja manna innkaupanefnd á vegum Listasafns Íslands sem skipuð er af ráðherra til þriggja ára í senn. Innkaupanefndin ákveður meðal annars kaup listaverka og getur heimilað safnstjóra að ráðstafa allt að 20% af því fé sem árlega er ætlað til listaverkakaupa til kaupa á innlendum verkum.

## 22.

Forstjóri Menntamálastofnunar. Samkvæmt lögum nr. 91/2015 er Menntamálastofnun stjórnáskjalstofnun á sviði menntamála sem stuðla skal að auknum gæðum skólastarfs og framförum í þágu menntunar í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið. Stofnunin skal sinna verkefnum á sviði menntamála samkvæmt ákvæðum laganna og því sem ráðherra felur henni.

Verkefni Menntamálastofnunar er að stuðla að umbótum og framþróun í skólastarfi með því að sjá nemendum í skyldunámi og öðrum nemendum eftir því sem stofnuninni kann að verða falið fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum. Stofnunin skal annast söfnun, greiningu og birtingu upplýsinga um menntamál, hafa eftirlit með og meta árangur af skólastarfi og bera saman við sett viðmið. Þá skal hún veita stjórnvöldum, fagaðilum og almenningi upplýsingar og leiðbeiningar um málefni á verkswiði stofnunarinnar, sinna framkvæmd laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla og veita ráðherra aðstoð og ráðgjöf við undirbúning laga, reglugerða og aðalnámskráa á sviði menntamála. Þá annast stofnunin önnur verkefni sem henni verða falin með lögum, reglugerðum eða samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Menntamálastofnun er heimilt að semja við aðra aðila um afmörkuð verkefni sem henni er falið að annast enda sé ekki um að ræða starfsemi sem feli í sér vald til að taka ákvarðanir er lúti að réttindum og skyldum aðila. Þá er stofnuninni heimilt að krefja skóla og rekstraraðila þeirra um upplýsingar og gögn sem stofnunin telur nauðsynleg til að sinna hlutverki sínu á því formi sem óskað er og innan tiltekinna tímamarka. Er þeim skylt að verða við slíkri kröfu án þess að taka gjald fyrir. Þá er stofnuninni heimilt að leggja próf og kannanir fyrir nemendur og birta upplýsingar um niðurstöður þeirra eftir skólum, sveitarfélögum, landshlutum og öðrum breytum sem kunnir að skýra niðurstöður. Einnig er henni heimilt að setja og birta reglur um afhendingu námsgagna ásamt því að hafa námsgögn sem stofnunin framleiðir og dreifir til skóla einnig til sölu á almennum markaði. Þá er Menntamálastofnun heimilt að ívilna fámennum skólum en réttur hvers grunnskóla til að fá afhent námsgögn vegna skyldunáms nemenda ræðst af nemendafjölda. Menntamálastofnun er heimilt að afla sértekna fyrir sérþjónustu við skýrslugerð og þjónustu við skóla, rekstraraðila þeirra, hagsmunasamtök, rannsóknaraðila og aðra gagnabeiddendur, svo og vegna hagnýtingar á upplýsingakerfum stofnunarinnar, þjónustu í því sambandi og fyrir útgefið efni. Stofnunin skal birta gjaldskrá á aðgengilegan hátt.

Ráðherra menntamála skipar forstjóra Menntamálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun sem nýttist í starfi og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Hann ber ábyrgð á að stofnunin starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri hefur sér til ráðuneytis sjö manna ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal funda einu sinni á ári og oftár ef þurfa þykir. Forstjóri situr fundi með ráðgjafarnefnd. Forstjóri skal setja á fót fagråd fyrir helstu verksvið stofnunarinnar sem skipuð skulu sérfróðum aðilum á viðkomandi sviði. Fagråd skulu vera stofnuninni til ráðgjafar og aðstoðar. Ráðherra setur reglugerð um stofnun og starf fagráða.

## 23.

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er stjórnsýslustofnun sem annast framkvæmd minjavörslu í samræmi við ákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Samkvæmt lögum fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn og vörslu menningarminja í landinu og Minjastofnun Íslands annast framkvæmdina undir yfirstjórn ráðherra. Fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd eru Minjastofnun Íslands til ráðgjafar. Stofnunin gerir tillögur til ráðherra um heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja í samráði við höfuðsöfn sem skilgreind eru samkvæmt safnalögum, svo og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja.

Hlutverk Minjastofnunar Íslands er að hafa eftirlit með fornleifum í landinu og friðuðum húsum og mannvirkjum, vinna að stefnumörkun um verndun fornminja og byggingararfs ásamt fagnefndum, setja reglur um og hafa yfirumsjón með skráningu friðaðra og friðlýstra fornleifa, húsa og mannvirkja og halda heildarskrá um allar friðaðar og friðlýstar fornleifar, friðlýsta legsteina og minningarmörk og friðuð og friðlýst hús og mannvirki. Ennfremur er stofnuninni ætlað að gera tillögur til ráðherra um friðlýsingu og afnám hennar og ákveða skyndifriðun menningarminja ef þörf krefur. Þá skal stofnunin setja reglur um og hafa eftirlit með öllum fornleifarannsóknum í landinu, annast leyfisveitingar vegna slíkra rannsókna sem hafa jarðrask í för með sér og framkvæma nauðsynlegar rannsóknir, svo sem neyðarrannsóknir, vettvangskannanir til að staðfesta umfang og eðli minja og aðrar skyndirannsóknir. Minjastofnun Íslands er einnig falið að hafa eftirlit með og annast leyfisveitingar vegna flutnings menningarminja til annarra landa. Stofnuninni er jafnframt falið að úthluta úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði að fengnum umsögnum fagnefnda, annast umsýslu þeirra og hafa eftirlit með framvindu verkefna sem fá styrk úr sjóðunum. Stofnunin ákveður einnig aðra ráðstöfun fjár úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði í samráði við húsafriðunarnefnd og fornminjanefnd. Stofnunin skal setja á fót minjaråd á hverju minjasvæði og bera ábyrgð á starfsemi þeirra. Minjastofnun Íslands annast framkvæmd laga nr. 57/2011 um skil á menningarverðmætum til annarra landa.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar forstöðumann Minjastofnunar Íslands til fimm ára í senn. Forstöðumaðurinn skal hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði stofnunarinnar. Forstöðumaður stjórnar starfsemi stofnunarinnar og rekstri. Hann ræður starfsmenn og er í fyrirsvari fyrir stofnunina. Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands situr í fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd stöðu sinnar vegna.

## 24.

Forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands. Samkvæmt lögum nr. 35/2007 um Náttúruminjasafn Íslands er safnið höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Hlutverk safnsins er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, svo og á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi. Það safnar munum, skráir þá og varðveitir, aftar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi auk þess að annast rannsóknir á starfssviði sínu. Safnið veitir öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðlar

að samvinnu þeirra og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða. Samkvæmt lögnum er Náttúrufræðistofnun Íslands vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins og skulu stofnanirnar hafa með sér náið samstarf.

Samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 eru höfuðsöfn þrjú: Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Þau eru öðrum söfnum til ráðgjafar og skulu stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði. Forstöðumenn höfuðsafna sitja fundi í safnaráði stöðu sinnar vegna. Höfuðsöfn skulu hafa forustu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila. Höfuðsöfn skulu leitast við að efla og auka þekkingu og færni starfsfólks safna og þau skulu annast kynningu á sérsviði sínu innan lands og utan. Þá segir í lögnum að safnkostur höfuðsafna skuli vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Hann skuli jafnframt vera aðgengilegur til rannsókna.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára í senn. Safnstjóri skal hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Safnstjóri situr í safnaráði samkvæmt stöðu sinni. Safnstjóri er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess. Hann er ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi safnsins.

## 25.

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Rannís. Samkvæmt lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir er hlutverk Rannís að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Markmið laganna er að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi með því að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem starfa að vísindarannsóknum, jafnframt því að tryggja áreiðanleika og gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir hér á landi.

Samkvæmt lögnum annast Rannís umsýslu Rannsóknasjóðs, Innviðasjóðs og Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðherra. Rannís annast einnig umsýslu Tækniþróunarsjóðs sem heyrir undir ráðherra sem fer með málefni atvinnuþróunar og nýsköpunar. Þá annast Rannís umsýslu annarra sjóða samkvæmt nánari ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra. Rannís annast einnig þjónustu við fagráð og stjórnir framangreindra sjóða og annast gagnasöfnun og miðlun upplýsinga fyrir Vísinda- og tækniráð og nefndir þess um vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun í landinu. Einnig aflar Rannís upplýsinga og gagna varðandi þróun vísinda og tækni á alþjóðavettvangi. Hlutverk sitt rækir Rannís jafnframt með því gangast fyrir mati á árangri rannsókna, þróunar og nýsköpunar í landinu með reglulegum hætti og taka þátt í fjölþjóðlegum samanburðarathugunum á því sviði fyrir hönd Íslands þegar þess er óskað. Rannís ber að annast kynningu á rannsóknastarfsemi í landinu fyrir almenning sem og að annast kynningu og ráðgjöf fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki um möguleika á styrkjum og stuðla að samvinnu um rannsóknarverkefni innan lands og utan. Rannís hefur samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir eða skrifstofur og fylgist með þátttöku Íslands í fjölþjóðlegu vísindastarfi.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar forstöðumann Rannsóknamiðstöðvar Íslands til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólapróf og þekkingu á starfssviði stofnunarinnar. Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar, er í fyrirsvari fyrir hana út á við og ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Jafnframt annast forstöðumaður ráðningu annarra starfsmanna stofnunarinnar. Ráðherra setur forstöðumanni erindisbréf.



## 26.

Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Samkvæmt lögum nr. 40/2006 um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er hún háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Hún hefur nán tengsl við Háskóla Íslands og er hluti af fræðasamfélagi hans. Hún varðveitir handrit og skjalagögn sem afhent voru samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar og Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn frá Kaupmannahöfn til Íslands. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem henni eru falin eða hún á. Stofnunin gerir samstarfssamninga við Háskóla Íslands um starfstengsl, fjárhagleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn, þrjá samkvæmt tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands og tvo án tilnefningar. Hlutverk stjórnar er að vera forstöðumanni til ráðgjafar og veita honum umsagnir um starfsáætlanir og skipulag stofnunarinnar. Þeir sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa við stofnunina mynda húsþing sem forstöðumaður kallar saman og starfar í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar. Mennta- og menningarmálaráðherra kveður á um skipulag stofnunarinnar í reglugerð að fenginni tillögu forstöðumanns og umsögnum stjórnar og húsþings. Við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skulu vera tvær sérstakar rannsóknarstöður. Skal önnur vera sérstaklega tengd nafni Árna Magnússonar en hin með sama hætti tengd nafni Sigurðar Nordals.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaðurinn skal hafa hæfi sem prófessor á fræðasviði stofnunarinnar að mati þriggja manna dómnefndar sem ráðherra skipar. Forstöðumaður stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Hann ræður starfsmenn stofnunarinnar og er í fyrirsvari fyrir hana. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

## 27.

Þjóðleikhússtjóri. Þjóðleikhúsið starfar samkvæmt leiklistarlögum nr. 138/1998 með síðari breytingum og reglugerð nr. 117/2009. Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar. Þar skal iðka leiklist og þær listgreinar sem leiksviði eru tengdar. Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að glæða áhuga landsmanna á þessum listgreinum og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu. Aðalverkefni Þjóðleikhússins er flutningur íslenskra og erlendra sjónleikja. Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum. Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir til Íslands erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

Mennta- og menningarmálaáðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn, að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs. Skipaður skal maður með menntun á sviði lista og staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Ætíð skal auglýsa embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils. Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og markar listræna stefnu þess í samráði við þjóðleikhúsráð. Hann stýrir leikhúsinu samkvæmt samþykktari starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum. Þjóðleikhússtjóri ræður starfsmenn leikhússins og gerir við þá starfssamninga í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð. Ráðið er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið. Ráðið vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemina. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun skal lögð fyrir ráðið til samþykktar og hefur það eftirlit með framkvæmd hennar.

28.

Þjóðminjavörður. Fjallað er um starfsemi og verkefni Þjóðminjasafns Íslands í lögum um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, safnalögum nr. 141/2011 og lögum um menningarminjar nr. 80/2012, öll með síðari breytingum. Samkvæmt lögum um Þjóðminjasafn Íslands er það eign íslenska ríkisins og fer ráðherra með yfirstjórn þess. Safnið er höfuðsafn á sviði menningarminja. Þjóðminjasafnið er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag. Þjóðmenningarhúsið heyrir undir Þjóðminjasafn Íslands. Húsið er friðað og er vettvangur til að kynna íslenska sögu og menningararf.

Hlutverk Þjóðminjasafnsins er að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar. Safnið annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningu þeirra, innanlands og utan. Þjóðminjasafnið skal rannsaka og annast kynningu á menningarminjum með sýningum, útgáfu á fræðilegum ritum og annarri fræðslustarfsemi til að veita sem víðtækasta sýn á íslenska sögu og setja hana í alþjóðlegt samhengi. Þá skal það miðla þekkingu um íslenska menningu til skóla, fjölmiðla og almennings og annast minjavörslu í nánú samstarfi við Minjastofnun Íslands. Safnið skal eiga í samstarfi við önnur höfuðsöfn. Þjóðminjasafnið skal móta stefnu um söfnun, skráningu, rannsóknir og miðlun menningar- og þjóðminja, stuðla að samvinnu menningarminjasafna, veita öðrum menningarminjasöfnum ráðgjöf, halda skrá yfir lausamuni í einkaeigu er teljast til þjóðarverðmæta og annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Stofnunin á samstarf við aðrar stofnanir á háskólastigi samkvæmt sérstökum samningum. Samstarf Þjóðminjasafns Íslands og Háskóla Íslands skal byggjast á sérstökum samstarfs- og þjónustusamningi um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa. Þá er safninu heimilt að veita öðrum háskólum landsins þjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í gagnkvæmum þjónustusamningum við einstaka háskóla. Við Þjóðminjasafn Íslands skal vera sérstök rannsóknarstaða kennd við dr. Kristján Eldjárn.

Samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 eru höfuðsöfn þrjú: Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Þau eru öðrum söfnum til ráðgjafar og skulu stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði. Forstöðumenn höfuðsafna sitja fundi í safnaráði stöðu sinnar vegna. Höfuðsöfn skulu hafa forustu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila. Höfuðsöfn skulu leitast við að efla og auka þekkingu og færni starfsfólks safna og þau skulu annast kynningu á sérsviði sínu innan lands og utan. Þá segir í lögnum að safnkostur höfuðsafna skuli vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfs þeirra. Hann skuli jafnframt vera aðgengilegur til rannsókna.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar forstöðumann, þjóðminjavörð, til fimm ára í senn og skal hann hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Þjóðminjavörður stjórnar starfsemi safnsins og rekstri þess. Hann ræður starfsmenn þess og er í fyrirsvari fyrir safnið. Þjóðminjavörður situr í fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd stöðu sinnar vegna, sbr. lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

29.

Þjóðskjalavörður. Um Þjóðskjalasafn Íslands gilda lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Einnig er í gildi reglugerð um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 5/1916. Markmið laganna er að tryggja

myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.

Þjóðskjalasafn Íslands gegnir hlutverki sem framkvæmdaraðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar. Að auki gegnir safnið hlutverki opinbers skjalasafns. Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands við framkvæmd opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar er meðal annars að setja reglur og veita leiðbeiningar um hvernig skjalastjórn og skjalavörslu skuli hagað hjá stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga svo og öðrum afhendingarskyldum aðilum sem falla undir lögin. Þá skal Þjóðskjalasafn Íslands setja reglur um frágang og afhendingu skjala- og gagnasafna afhendingarskyldra aðila til opinberra skjalasafna sem og setja reglur um varðveislu og förgun skjala. Skulu reglurnar staðfestar af ráðherra. Þjóðskjalasafn Íslands skal gera tillögu til ráðherra um að veita skuli sveitarstjórn eða byggðasamlagi leyfi til að koma á fót héraðsskjalasafni til að sinna hlutverki opinbers skjalasafns og gefa út rekstrarleyfi því til handa að fengnu samþykki ráðherra. Þjóðskjalasafn Íslands hefur eftirlit með rekstri héraðsskjalasafna í samræmi við ákvæði laganna. Þjóðskjalasafn Íslands skal hafa sérstakt safn, öryggismálasafn, sem varðveitir öll skjöl og skráðar heimildir sem verið hafa í vörslum afhendingarskyldra aðila og snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945-1991.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar forstöðumann Þjóðskjalasafns Íslands, þjóðskjalavörð, til fimm ára í senn. Hann skal hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Þjóðskjalavörður stjórnar starfsemi og rekstri Þjóðskjalasafns Íslands. Hann ræður annað starfslið þess og er í fyrirsvari fyrir safnið. Ráðherra skipar sex menn í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands til fjögurra ára í senn, sem er þjóðskjalaverði til ráðgjafar um stefnu safnsins og önnur málefni sem varða starfsemi þess. Stjórnarnefnd veitir þjóðskjalaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins. Þjóðskjalavörður situr fundi stjórnarnefndar með málfrelsi og tillögurétt.

### 30.

Forstjóri Samgöngustofu. Samgöngustofa fer með stjórnsýslu samgöngumála samkvæmt lögum nr. 119/2012 með síðari breytingum og öðrum lögum sem hún starfar eftir. Samgöngustofa annast stjórnsýslu og eftirlit er lýtur að flugmálum, hafnamálum og málum sem varða sjóvarnir, siglingamálum, umferðarmálum og vegamálum. Samgöngustofa skal með starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið. Samgöngustofa annast framkvæmd laga á þeim sviðum sem undir hana heyra. Samgöngustofa hefur eftirlit með að fylgt sé kröfum um öryggi samgöngumannvirkja og öryggisstjórnun við rekstur þeirra. Þá skal Samgöngustofa annast öryggisúttekt á samgöngumannvirkjum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar forstjóra Samgöngustofu til fimm ára í senn og staðfestir skipurit hennar. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar. Forstjóri ræður annað starfsfólk til stofnunarinnar. Samgöngustofa skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.

### 31.

Forstjóri Vegagerðarinnar. Samkvæmt lögum nr. 120/2012 um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, hefur Vegagerðin það hlutverk að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins samkvæmt lögunum sem og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir. Vegagerðin skal í starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum, og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.

Vegagerðin tekur þátt í gerð samgönguáætlunar. Meðal verkefna Vegagerðarinnar er að móta almenna stefnu og viðmið um byggingu, viðhald og þjónustu samgöngumannvirkja, annast forsendugreiningu og frumrannsóknir vegna þeirra, greina og bera saman ólíka valkosti, gera tillögu að forgangs röðun verkefna, frumhanna mannvirki og meta kostnað, arðsemi og umhverfisáhrif þeirra. Þá annast stofnunin framkvæmd samgönguáætlunar, þ.e. verkhönnun framkvæmda, útboð verkefna, samninga við verktaka, eftirlit á framkvæmdatíma, skilamat og uppgjör. Vegagerðin skal annast upplýsingamiðlun um samgöngumál eftir því sem við á og annast rekstur tölvu- og upplýsingakerfa er lúta að starfsemi stofnunarinnar. Vegagerðin annast einnig uppbyggingu vega, sjóvarnargarða og leiðsögu- og eftirlitskerfa. Vegagerðin tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi á starfssviði sínu eftir því sem kveðið er á um í lögum og alþjóðasamningum eða með ákvörðun ríkisstjórnar. Vegagerðin tekur einnig þátt í og annast rannsóknir, greiningu og þróun á starfssviði sínu. Vegagerðinni er heimilt að framselja eða fela öðrum framkvæmd einstakra verkefna eða verkþátta á starfssviði stofnunarinnar.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skipar forstjóra Vegagerðarinnar til fimm ára í senn og staðfestir skipurit hennar. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti, annast daglega stjórn hennar og ræður annað starfsfólk. Vegagerðin skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.

### 32.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum, skal landinu skipt í heilbrigðisumdæmi og skal kveðið á um skiptinguna í reglugerð. Í hverju heilbrigðisumdæmi skal starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Með almennri heilbrigðisþjónustu er átt við heilsugæslu, þjónustu og hjúkrun á hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum stofnana og almenna sjúkrahúsþjónustu. Samkvæmt reglugerð um heilbrigðisumdæmi nr. 1084/2014 er landinu skipt í sjö heilbrigðisumdæmi. Heilbrigðisumdæmi Austurlands nær yfir sveitarfélögin Vopnafjarðarhrepp, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshrepp, Borgarfjarðarhrepp, Seyðisfjarðarkaupstað, Fjarðabyggð, Breiðdalshrepp, Djúpvogshrepp og fyrrum Skeggjastaðahrepp. Heilbrigðisstofnun Austurlands veitir almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu að því marki sem sveitarfélögum eða öðrum aðilum hefur ekki verið falið að veita þjónustuna.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands er skipaður af heilbrigðisráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og/eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn til að meta hæfni umsækjenda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnana. Fulltrúar í nefndinni skulu hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan. Ráðherra setur forstjóra heilbrigðisstofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Forstjóri ber ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjóri ræður annað starfslið heilbrigðisstofnunarinnar.

Á heilbrigðisstofnun skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunar gagnvart forstjóra. Á heilbrigðisstofnun skal starfa þriggja manna framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirmenn skulu skipa framkvæmdastjórn ásamt forstjóra. Áður en forstjóri tekur mikilvægar ákvarðanir er varða þjónustu og rekstur stofnunar skal hann taka mál upp á vettvangi framkvæmdastjórnar og leita ráðgjafar og álits stjórnarmanna. Forstjóri skal í

samráði við framkvæmdastjórn gera tillögu að skipuriti stofnunar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

## 33.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum, skal landinu skipt í heilbrigðisumdæmi og skal kveðið á um skiptinguna í reglugerð. Í hverju heilbrigðisumdæmi skal starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Með almennri heilbrigðisþjónustu er átt við heilsugæslu, þjónustu og hjúkrun á hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum stofnana og almenna sjúkrahúsþjónustu. Samkvæmt reglugerð um heilbrigðisumdæmi nr. 1084/2014 er landinu skipt í sjö heilbrigðisumdæmi. Heilbrigðisumdæmi Norðurlands nær yfir sveitarfélögin Húnavatnshrepp, Blönduósbæ, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Sveitarfélagið Skagafjörð, Akrahrepp, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Akureyrarkaupstað, Svalbarðsstrandarhrepp, Grýtubakkahrepp, Þingeyjar-sveit, Norðurþing, Tjörneshrepp, Skútustaðahrepp, Svalbarðshrepp og Langesbyggð að frátöldum fyrrum Skeggjastaðahreppi. Í umdæminu skulu Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Sjúkrahúsið á Akureyri veita almenna heilbrigðisþjónustu eftir því sem við á að því marki sem sveitarfélögum eða öðrum aðilum hefur ekki verið falið að veita þjónustuna.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands er skipaður af heilbrigðisráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og/eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn til að meta hæfni umsækjenda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnana. Fulltrúar í nefndinni skulu hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan. Ráðherra setur forstjóra heilbrigðisstofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Forstjóri ber ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjóri ræður annað starfslið heilbrigðisstofnunarinnar.

Á heilbrigðisstofnun skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunar gagnvart forstjóra. Á heilbrigðisstofnun skal starfa þriggja manna framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirmenn skulu skipa framkvæmdastjórn ásamt forstjóra. Áður en forstjóri tekur mikilvægar ákvarðanir er varða þjónustu og rekstur stofnunar skal hann taka mál upp á vettvangi framkvæmdastjórnar og leita ráðgjafar og álits stjórnarmanna. Forstjóri skal í samráði við framkvæmdastjórn gera tillögu að skipuriti stofnunar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

## 34.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum, skal landinu skipt í heilbrigðisumdæmi og skal kveðið á um skiptinguna í reglugerð. Í hverju heilbrigðisumdæmi skal starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Með almennri heilbrigðisþjónustu er átt við heilsugæslu, þjónustu og hjúkrun á hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum stofnana og almenna sjúkrahúsþjónustu. Samkvæmt reglugerð um heilbrigðisumdæmi nr. 1084/2014 er landinu skipt í sjö heilbrigðisumdæmi. Heilbrigðisumdæmi Suðurlands nær yfir Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbæ, Grímsnes- og Grafningshrepp, Bláskógabyggð, Hrunamannahrepp, Sveitarfélagið Árborg, Flóahrepp, Ásahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshrepp, Skaftárhrepp, Sveitar-

félagið Hornafjörð og Vestmannaeyjabæ. Heilbrigðisstofnun Suðurlands veitir almenna heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Suðurlands að því marki sem sveitarfélögum eða öðrum aðilum hefur ekki verið falið að veita þjónustuna.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands er skipaður af heilbrigðisráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og/eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn til að meta hæfni umsækjenda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnana. Fulltrúar í nefndinni skulu hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan. Ráðherra setur forstjóra heilbrigðisstofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Forstjóri ber ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjóri ræður annað starfslið heilbrigðisstofnunarinnar.

Á heilbrigðisstofnun skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunar gagnvart forstjóra. Á heilbrigðisstofnun skal starfa þriggja manna framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirmenn skulu skipa framkvæmdastjórn ásamt forstjóra. Áður en forstjóri tekur mikilvægar ákvarðanir er varða þjónustu og rekstur stofnunar skal hann taka mál upp á vettvangi framkvæmdastjórnar og leita ráðgjafar og álits stjórnarmanna. Forstjóri skal í samráði við framkvæmdastjórn gera tillögu að skipuriti stofnunar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

### 35.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum, skal landinu skipt í heilbrigðisumdæmi og skal kveðið á um skiptinguna í reglugerð. Í hverju heilbrigðisumdæmi skal starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Með almennri heilbrigðisþjónustu er átt við heilsugæslu, þjónustu og hjúkrun á hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum stofnana og almenna sjúkrahúsþjónustu. Samkvæmt reglugerð um heilbrigðisumdæmi nr. 1084/2014 er landinu skipt í sjö heilbrigðisumdæmi. Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja nær yfir sveitarfélögin Sandgerðisbæ, Sveitarfélagið Garð, Reykjanesbæ, Grindavíkurbæ og Sveitarfélagið Voga. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja veitir almenna heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Suðurnesja að því marki sem sveitarfélögum eða öðrum aðilum hefur ekki verið falið að veita þjónustuna.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja er skipaður af heilbrigðisráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og/eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn til að meta hæfni umsækjenda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnana. Fulltrúar í nefndinni skulu hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan. Ráðherra setur forstjóra heilbrigðisstofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Forstjóri ber ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjóri ræður annað starfslið heilbrigðisstofnunarinnar.

Á heilbrigðisstofnun skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunar

gagnvart forstjóra. Á heilbrigðisstofnun skal starfa þriggja manna framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirmenn skulu skipa framkvæmdastjórn ásamt forstjóra. Áður en forstjóri tekur mikilvægar ákvarðanir er varða þjónustu og rekstur stofnunar skal hann taka mál upp á vettvangi framkvæmdastjórnar og leita ráðgjafar og álits stjórnarmanna. Forstjóri skal í samráði við framkvæmdastjórn gera tillögu að skipuriti stofnunar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

## 36.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum, skal landinu skipt í heilbrigðisumdæmi og skal kveðið á um skiptinguna í reglugerð. Í hverju heilbrigðisumdæmi skal starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Með almennri heilbrigðisþjónustu er átt við heilsugæslu, þjónustu og hjúkrun á hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum stofnana og almenna sjúkrahúsþjónustu. Samkvæmt reglugerð um heilbrigðisumdæmi nr. 1084/2014 er landinu skipt í sjö heilbrigðisumdæmi. Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða nær yfir sveitarfélögin Vesturbyggð, Tálknafjarðarhrepp, Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða veitir almenna heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vestfjarða að því marki sem sveitarfélögum eða öðrum aðilum hefur ekki verið falið að veita þjónustuna.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða er skipaður af heilbrigðisráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og/eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn til að meta hæfni umsækjenda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnana. Fulltrúar í nefndinni skulu hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan. Ráðherra setur forstjóra heilbrigðisstofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Forstjóri ber ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjóri ræður annað starfslið heilbrigðisstofnunarinnar.

Á heilbrigðisstofnun skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunar gagnvart forstjóra. Á heilbrigðisstofnun skal starfa þriggja manna framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirmenn skulu skipa framkvæmdastjórn ásamt forstjóra. Áður en forstjóri tekur mikilvægar ákvarðanir er varða þjónustu og rekstur stofnunar skal hann taka mál upp á vettvangi framkvæmdastjórnar og leita ráðgjafar og álits stjórnarmanna. Forstjóri skal í samráði við framkvæmdastjórn gera tillögu að skipuriti stofnunar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

## 37.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum, skal landinu skipt í heilbrigðisumdæmi og skal kveðið á um skiptinguna í reglugerð. Í hverju heilbrigðisumdæmi skal starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Með almennri heilbrigðisþjónustu er átt við heilsugæslu, þjónustu og hjúkrun á hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum stofnana og almenna sjúkrahúsþjónustu. Samkvæmt reglugerð um heilbrigðisumdæmi nr. 1084/2014 er landinu skipt í sjö heilbrigðisumdæmi. Heilbrigðisumdæmi

Vesturlands nær yfir sveitarfélögin Akraneskaupstað, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshrepp, Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Stykkishólmsbæ, Dalabyggð, Reykhólahrepp, Strandabyggð, Kaldrananeshrepp, Árneshrepp og Húnaþing vestra. Heilbrigðisstofnun Vesturlands veitir almenna heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vesturlands að því marki sem sveitarfélögum eða öðrum aðilum hefur ekki verið falið að veita þjónustuna.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands er skipaður af heilbrigðisráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og/eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn til að meta hæfni umsækjenda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnana. Fulltrúar í nefndinni skulu hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan. Ráðherra setur forstjóra heilbrigðisstofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Forstjóri ber ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjóri ræður annað starfslið heilbrigðisstofnunarinnar.

Á heilbrigðisstofnun skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunar gagnvart forstjóra. Á heilbrigðisstofnun skal starfa þriggja manna framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirmenn skulu skipa framkvæmdastjórn ásamt forstjóra. Áður en forstjóri tekur mikilvægar ákvarðanir er varða þjónustu og rekstur stofnunar skal hann taka mál upp á vettvangi framkvæmdastjórnar og leita ráðgjafar og álits stjórnarmanna. Forstjóri skal í samráði við framkvæmdastjórn gera tillögu að skipuriti stofnunar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

### 38.

Forstjóri Landspítalans. Kveðið er á um starfsemi Landspítalans í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum. Landspítali er aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús. Hann veitir sérhæfða sjúkrahúsþjónustu, meðal annars á göngu- og dagdeildum, fyrir alla landsmenn og almenna sjúkrahúsþjónustu fyrir íbúa heilbrigðisumdæmis höfuðborgarsvæðisins. Hlutverk Landspítalans er veita heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma samræmist skyldu slíks sjúkrahúss, meðal annars sérfræðiþjónustu í nær öllum viðurkenndum greinum læknisfræði, hjúkrunarfræði og eftir atvikum öðrum greinum heilbrigðisvísinda sem stundaðar eru hér á landi, með aðgengi að stoðdeildum og rannsóknadeildum. Hlutverk hans er einnig að annast starfsnám háskólanema og framhaldsskólanema í heilbrigðisgreinum í grunn- og framhaldsnámi, stunda vísindarannsóknir á heilbrigðisviði og veita háskólamenntuðum starfsmönnum sérmenntun í heilbrigðisgreinum. Þá skal Landspítalinn gera fagfólki kleift að sinna fræðastörfum við Háskóla Íslands eða aðra háskóla og veita háskólamönnum aðstöðu til þess að sinna rannsóknum og öðrum störfum við sjúkrahúsið. Landspítalinn skal starfrækja blóðbanka sem hefur með höndum blóðbankaþjónustu á landsvísu.

Heilbrigðisráðherra skal skipa níu manns og jafnmarga til vara í ráðgjafarnefnd Landspítala til fjögurra ára í senn. Nefndin skal vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðgjafar og álits um þjónustu, starfsemi og rekstur spítalans. Skal nefndin meðal annars fjalla um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir spítalans og langtímastefnu hans. Nefndin skal meðal annars skipuð fulltrúum notenda þjónustu spítalans. Formaður skal í samráði við forstjóra boða til upplýsinga- og samráðsfunda eftir því sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en tvisvar á ári.



Landspítali og Háskóli Íslands skulu gera með sér samning um samstarf sem kveði meðal annars á um rétt fulltrúa háskólans til setu á fundum framkvæmdastjórnar. Landspítali og Háskóli Íslands skulu setja verklagsreglur um málefni starfsmanna sem hafa starfsskyldur gagnvart báðum stofnununum. Reglurnar skulu staðfestar af ráðherra og birtar.

Forstjóri Landspítalans er skipaður af heilbrigðisráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og/eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn til að meta hæfni umsækjenda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnana. Fulltrúar í nefndinni skulu hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan. Ráðherra setur forstjóra Landspítalans erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunarinnar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Forstjóri ber ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjóri ræður annað starfslið Landspítalans.

Á Landspítalanum skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunar gagnvart forstjóra. Einnig skal þar starfa þriggja manna framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirmenn skulu skipa framkvæmdastjórn ásamt forstjóra. Áður en forstjóri tekur mikilvægar ákvarðanir er varða þjónustu og rekstur stofnunar skal hann taka mál upp á vettvangi framkvæmdastjórnar og leita ráðgjafar og álits stjórnarmanna. Forstjóri skal í samráði við framkvæmdastjórn gera tillögu að skipuriti stofnunar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

### 39.

Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri. Fjallað er um Sjúkrahúsið á Akureyri í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, með síðari breytingum. Sjúkrahúsið á Akureyri er kennslusjúkrahús. Það veitir sérhæfða sjúkrahúsþjónustu, meðal annars á göngu- og dagdeildum, fyrir landsmenn og almenna sjúkrahúsþjónustu í sínu heilbrigðisumdæmi. Hlutverk sjúkrahússins er að veita heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma samræmist skyldu slíks sjúkrahúss, meðal annars sérfræðiþjónustu í helstu greinum læknisfræði, hjúkrunarfræði og eftir atvikum öðrum greinum heilbrigðisvísinda sem stundaðar eru hér á landi, með aðgengi að stoðdeildum og rannsóknadeildum. Sjúkrahúsið á Akureyri skal annast starfsnám háskólanema í heilbrigðisvísindagreinum við Háskólann á Akureyri, taka þátt í starfsnámi annarra háskólanema og framhaldsskólanema í grunn- og framhaldsnámi á heilbrigðissviði í samvinnu við Landspítala, Háskóla Íslands og aðrar heilbrigðisstofnanir og skóla og stunda vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Sjúkrahúsið skal gera fagfólki kleift að sinna fræðastörfum við Háskólann á Akureyri eða eftir atvikum aðra háskóla. Þá er Sjúkrahúsið á Akureyri varasjúkrahús Landspítala.

Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri er skipaður af heilbrigðisráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og/eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn til að meta hæfni umsækjenda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnana. Fulltrúar í nefndinni skulu hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan. Ráðherra setur forstjóra heilbrigðisstofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Forstjóri ber ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir

og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjóri ræður annað starfslíð sjúkrahússins.

Á Sjúkrahúsinu á Akureyri skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunar gagnvart forstjóra. Einnig skal þar starfa þriggja manna framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirmenn skulu skipa framkvæmdastjórn ásamt forstjóra. Áður en forstjóri tekur mikilvægar ákvarðanir er varða þjónustu og rekstur stofnunar skal hann taka mál upp á vettvangi framkvæmdastjórnar og leita ráðgjafar og álits stjórnarmanna. Forstjóri skal í samráði við framkvæmdastjórn gera tillögu að skipuriti stofnunar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

#### 40.

Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins. Fjallað er um starfsemi og verkefni Vinnueftirlits ríkisins í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Með lögunum er leitast við að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu og tryggja skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna sjálfrá sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál í samræmi við gildandi lög og reglur, ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og ráðleggingar og fyrimæli Vinnueftirlits ríkisins. Hlutverk Vinnueftirlitsins er að fylgja því eftir að starfsumhverfi sé öruggt, heilsusamlegt og í samræmi við framangreind lög.

Vinnueftirlit ríkisins heyrir undir yfirstjórn félags- og jafnréttismálaráðherra og annast stjórnarsýslu og eftirlit á því sviði er fyrrnefnd lög ná til. Verkefni sem Vinnueftirliti ríkisins er ætlað að annast eru meðal annars að hafa eftirlit með framkvæmd nefndra laga og veita stofnunum, fyrirtækjum, félögum og starfsmönnum ráðgjöf. Vinnueftirlitið skal veita þeim starfsmönnum er starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja leiðbeiningar í störfum þeirra. Það skal afla og viðhalda þekkingu á tæknilegri og félagslegri þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi og fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluáferðir, vinnustaði og tækni- og tækjabúnað, veita fræðslu og upplýsingar varðandi hættur á vinnustöðum, svo sem um nýja tækni og þekkingu sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Vinnueftirlitið skal stuðla að forvörnum og heilsuvernd á vinnustöðum, vinna að rannsóknum á sviði vinnuverndar, sjá um að haldin sé skrá yfir hvers konar sjúkdóma, andlega sem líkamlega, sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu og sjá um að haldin sé skrá yfir tíðni vinnuslysa eftir starfsgreinum. Vinnueftirlitið annast jafnframt markaðsgæslu og markaðseftirlit með vélum, tækjum og búnaði sem falla undir löginn og vinnur önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Hafi Vinnueftirlit ríkisins krafist þess með hæfilegum fyrirvara að lagfæring á vanbúnaði eða öðru ástandi, sem brýtur gegn lögunum eða reglum og tilkynningum sem eru í samræmi við löginn, og umbætur hafa ekki verið gerðar þegar frestur sá er liðinn sem gefinn var, getur Vinnueftirlitið látið stöðva vinnu eða lokað starfsemi eða þeim hluta hennar sem krafan beinist að. Telji Vinnueftirlitið að veruleg hættu sé á ferðum fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna eða annarra getur það krafist þess að strax sé bætt úr skorti á nægjanlegu öryggi eða látið hættu vinnu í þeim hluta starfseminnar sem þannig er á sig kominn. Ef ákvæði laganna eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Félags- og jafnréttismálaráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar og ber lagalega og rekstrarlega ábyrgð á henni.

Kostnaður af rekstri stofnunarinnar greiðist úr ríkissjóði og af öðrum tekjum hennar. Vinnueftirlit ríkisins innheimtir gjöld fyrir þrýstiraunir, gas- og súrefnismælingar í lokuðum rýmum, mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis og inniloftspáttum, skoðun á leiktækjum og verkpöllum, átaksprófanir, námskeið og próf, útgáfu skirteina og leyfa og útgáfu- og fræðsluefni samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

Ráðherra skipar stjórn Vinnueftirlits ríkisins til fjögurra ára í senn. Stjórnin ber ábyrgð gagnvart ráðherra á faglegru stefnumótun Vinnueftirlits ríkisins og er ráðherra og forstjóra til ráðgjafar í málum er tengjast bættum aðbúnaði, öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum. Stjórnin skal gera tillögur til ráðherra um úrbætur á sviði vinnuverndar, þar á meðal um hvort þörf er á lagabreytingum eða setningu reglugerða eða annarra reglna. Ráðherra og forstjóri skulu leita umsagnar stjórnarinnar við undirbúning að setningu laga, reglugerða og annarra reglna um mál er heyra undir lögin um Vinnueftirlit ríkisins.

## 41.

Forstjóri Vinnumálastofnunar. Vinnumálastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir og lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Markmið fyrrnefndu laganna er að veita einstaklingum viðeigandi aðstoð til að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði. Þá er lögunum ætlað að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu. Vinnumálastofnun annast framkvæmd laganna í umboði ráðherra. Stofnunin annast jafnframt önnur þau verkefni sem henni eru falin með sérlögum. Stofnunin skal reka þjónustustöðvar og ákveður ráðherra hvar á landinu þær skuli vera að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar. Þá er ráðherra heimilt með reglugerð að fela stofnuninni önnur verkefni en felast í lögunum. Í lögum um atvinnuleysistryggingar segir að Vinnumálastofnun skuli annast fjárvörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs og framkvæmd laganna á grundvelli þjónustusamnings við stjórn sjóðsins. Vinnumálastofnun er einnig falið að annast framkvæmd laga nr. 152/2006 um ættleiðingarstyrki, laga nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir skipar félags- og jafnréttismálaráðherra forstjóra Vinnumálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar og ber lagalega og rekstrarlega ábyrgð á henni gagnvart ráðherra. Ráðherra skipar tíu manna stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn að fengnum tilnefningum. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar og skal forstjóri Vinnumálastofnunar sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

## 42.

Umboðsmaður skuldara. Umboðsmaður skuldara starfar samkvæmt lögun nr. 100/2010 með síðari breytingum. Stofnunin skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara. Hlutverk umboðsmanns skuldara er að veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluferfiðleikum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar; hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmunum skuldara að leiðarljósi; veita atbeina til tilrauna til samninga um greiðsluáðlögun; útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega; taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds; gæta hagsmuna skuldara og veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna; taka ákvörðun um hvort veita skuli fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Heimilt er að kæra ákvarðanir samkvæmt lögunum til ráðherra. Umboðsmanni skuldara og starfsmönnum stofnunarinnar er óheimilt að

skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umboðsmaður skuldara getur krafði stjórnvöld um allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til þess að hann geti sinnt hlutverki sínu, jafnvel þótt lög mæli fyrir um þagnarskyldu stjórnvalds. Með sama hætti er fyrirtækjum og samtökum skylt að veita umboðsmanni skuldara allar upplýsingar sem að mati hans eru nauðsynlegar til þess að hann geti sinnt hlutverki sínu. Upplýsingasöfnun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg og varði upplýsingarnar tiltekinn skuldara skal samþykki hans fyrir vinnslunni liggja fyrir. Þegar upplýsinga er aflað frá öðrum en skuldara skal umboðsmaður skuldara fylgja ákvæðum um fræðsluskyldu í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Sé ekki orðið við beiðni umboðsmanns skuldara um að veita upplýsingar innan hæfilegs frests getur hann ákveðið að viðkomandi aðili skuli greiða dagsektir þar til upplýsingarnar hafa verið látnar í té.

Ráðherra skipar umboðsmann skuldara til fimm ára í senn og fer hann með forstöðu stofnunarinnar og ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri hennar. Hann skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir viðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfsviði stofnunarinnar. Umboðsmaður skuldara stjórnar starfsemi og rekstri og ræður aðra starfsmenn. Honum er heimilt að gera þjónustusamning við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina. Umboðsmaður skuldara gefur ráðherra árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar. Skýrsluna skal birta opinberlega.

## 43.

Landgræðslustjóri. Landgræðsla ríkisins heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið og starfar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og lögum um varnir gegn landbroti nr. 91/2002. Tilgangur fyrirnefndu laganna er að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og að græða upp eydd og vangróin lönd. Tilgangur síðarnefndu laganna er að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum með fyrirhleðslum gegn ágangi vatna. Starfsemin skiptist í sandgræðslu, gróðurvernd og gróðureftirlit og sinnir stofnunin fræðslu, leiðbeiningum, rannsóknum og þróunarstarfi á því sviði. Landgræðslu ríkisins er heimilt að koma á fót gróðrarstöð til að fjölga þeim tegundum plantna, sem nothæfar reynast til landgræðslu. Landgræðsla ríkisins skal hafa aðsetur í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Einnig starfrækir Landgræðslan héraðssetur og starfsstöðvar víðs vegar um landið.

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar landgræðslustjóra til fimm ára í senn og skal hann hafa háskólapróf í búfræði eða hliðstæðum greinum.

## 44.

Forstjóri Landmælinga Íslands. Kveðið er á um Landmælingar Íslands í lögum nr. 103/2006 um landmælingar og grunnkortagerð. Markmið laganna er að tryggja að ávallt séu til staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um Ísland. Verkefni Landmælinga Íslands eru meðal annars að vera umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til ráðuneytis á fagsviðum sem stofnunin starfar á og varðandi stefnumótun á sviði landmælinga og opinberrar grunnkortagerðar. Landmælingar Íslands annast skráningu, viðhald og miðlun örnefnagrunns í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Innihald gagnagrunnsins skal vera aðgengilegt og endurnot þess án gjaldtöku og í samræmi við ákvæði upplýsingalaga. Landmælingar Íslands skulu gera almenningi kleift að skrá örnefni í sérstakan gagnagrunn á vegum stofnunarinnar. Þá fara Landmælingar Íslands með framkvæmd laga nr. 44/2011. Markmið þeirra laga er að byggja upp og viðhalda grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á vegum stjórnvalda og tryggja aðgengi stjórnvalda og almennings að landupplýsingum um Ísland. Landmælingar Íslands sjá

um rekstur, viðhald og tæknilega þróun landupplýsingagáttar. Landmælingar Íslands skulu einnig vera stjórnvöldum til ráðgjafar til þess að skyldum samkvæmt lögnum sé fullnægt.

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af stjórnun. Hann fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar.

## 45.

Forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands. Samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 með síðari breytingum stundar Náttúrufræðistofnun undirstöðu-rannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands. Hún varðveitir niðurstöður og eintök í fræðilegum söfnum er veiti sem best yfirlit um náttúru Íslands. Náttúrufræðistofnun Íslands er í eigu íslenska ríkisins. Aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar samkvæmt lögnum er að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands, varðveita náttúrugrip, ritsmíðar og önnur gögn á vísindalegum heimildasöfnum og byggja upp aðgengilegt gagnasafn með sem fyllstum heimildum um íslenska náttúru. Einnig skal stofnunin skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta, meðal annars um jarðfræði og útbreiðslu tegunda, styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Þá er það verkefni stofnunarinnar að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Stofnunin vinnur að rannsóknum á villtum stofnum spendýra og fugla og skal sjá um fuglamerkingar. Hefur Náttúrufræðistofnun ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi. Náttúrufræðistofnun skal greina frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum og lýsa meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu. Þá skal hún skrá berg- og jarðgrunna landsins með kerfisbundnum hætti og vinna að flokkun námasvæða eftir efni, magni, aðgengi, gæðum og verndargildi, skrá náttúruminjar, annast mat á verndargildi þeirra og hafa umsjón með C-hluta náttúruminjaskrár. Náttúruminjustofnun ber ábyrgð á vöktun lykilorða íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum með lögum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Kveðið er á um verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands í fjölmörgum öðrum lagabálkum og reglugerðum. Má þar nefna lög nr. 60/2013 um náttúruvernd, lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, lög nr. 55/2013 um velferð dýra og lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, öll með síðari breytingum.

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstjóri fer með stjórn stofnunarinnar, mótar stefnu hennar, ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri hennar og ræður aðra starfsmenn. Forstjóri boðar árlega til fundar með starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar og forstöðumönnum náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna. Í reglugerð nr. 229/1993 eru nánari fyrirmæli um hlutverk og starfs-skyldur forstjóra.

## 46.

Framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs. Samkvæmt lögum nr. 60/2007, með síðari breytingum, um Vatnajökulsþjóðgarð, er þjóðgarðurinn ríkisstofnun og fer umhverfis- og auðlindaráðherra með yfirstjórn mála er hann varðar. Markmið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er að vernda náttúru svæðisins, svo sem landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar, gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru og sögu svæðisins, stuðla að rannsóknum á svæðinu, fræða um það og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu svæðisins og leitast við að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins,

meðal annars með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins. Í lögnum segir að þjóðgarðurinn skuli skiptast í fjögur rekstrarsvæði sem rekin skulu sem sjálfstæðar rekstrareiningar á ábyrgð þjóðgarðsvarða. Á hverju rekstrarsvæði skal starfa svæðisráð skipað af ráðherra til fjögurra ára í senn.

Með stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs og umsjón með rekstri þjóðgarðsins fer sérstök stjórn skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra. Í stjórn skulu sitja sjö fulltrúar: formenn allra svæðisráða þjóðgarðsins, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra án tilnefningar, það er formaður og varaformaður, og skal annar þeirra hafa fagþekkingu á verksviði þjóðgarða.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn samkvæmt tillögum stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs í umboði stjórnar og samkvæmt starfslýsingu sem stjórn þjóðgarðsins setur honum. Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs, annast daglegan rekstur þjóðgarðsins, fjárreiður og reikningsskil og ber ábyrgð á að þjóðgarðurinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Framkvæmdastjóri fer með yfirstjórn starfsmannamála.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Um mörg þeirra starfa sem hér er fjallað gildir að ekki hefur lengi verið felldur um þau sérúrskurður sem eingöngu tekur til viðkomandi starfs. Laun fyrir þessi störf hafa samt sem áður tekið breytingum í samræmi við almenna úrskurði Kjaradóms og kjaranefndar og síðar kjararáðs, síðast 1. júní 2016.

Í kafla III hér að framan er fjallað um einstakar stofnanir og þau verkefni sem þeim er ætlað að sinna. Á síðustu árum hafa verið gerðar ýmsar breytingar á lögum um margar þeirra eða eftir atvikum sett ný lög sem ekki giltu þegar síðast var kveðinn upp sérúrskurður um hlutaðeigandi starf. Þær lagabreytingar hafa í mörgum tilvikum haft í för með sér breytingar á verkefnum viðkomandi stofnunar og störfum forstöðumanns hennar, eins og fram kemur í erindum sem liggja fyrir kjararáði.

Fram hefur komið að Alþingi samþykkti 11. júní 2018 að lög nr. 130/2016 um kjararáð falli úr gildi 1. júlí 2018 og lýkur þar með starfsemi ráðsins. Í ljósi þessa og fjölda fyrirliggjandi mála hjá ráðinu ákveður því kjararáð nú í einum úrskurði laun fyrir 48 einstök störf. Kveðið er á um mánaðarlaun og einingar fyrir störfín. Úrskurðurinn leiðir til þess að laun fyrir þau störf sem hér er fjallað um breytast mismikið, en vegin meðaltalshækkun er um það bil 10,8%.

Að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er getið og með hliðsjón af öðru því sem að framan er rakið hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör fyrir þau störf sem gerð er grein fyrir í kafla III hér að framan skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

**Ákvörðunarorð**

Mánaðarlaun forstjóra Einkaleyfastofunnar skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Matvælastofnunar skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Neytendastofu skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Samkeppniseftirlitsins skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 142, nú 1.170.443 krónur. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Persónuverndar skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Landhelgisgæslu Íslands skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 142, nú 1.170.443 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun ríkislögreglustjóra skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 142, nú 1.170.443 krónur. Að auki skal greiða honum 45 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, ÁTVR skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 142, nú 1.170.443 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun fjársýslustjóra skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 142, nú 1.170.443 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Ríkiskaupa skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun ríkisskattstjóra skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 142, nú 1.170.443 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun skattrannsóknarstjóra skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun tollstjóra skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 142, nú 1.170.443 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir og innheimtulaun eins og verið hefur.

Mánaðarlaun formanns yfirskattaneftndar skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkki 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun varaformanns yfirskattanefndar skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun yfirskattanefndarmanns sem hefur það starf að aðalstarfi, annars en formanns og varaformanns, skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 134, nú 895.478 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun umboðsmanns barna skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun rektors Háskólans á Akureyri skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 139, nú 1.058.376 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun rektors Háskólans á Hólum skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 10 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun rektors Háskóla Íslands skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 144, nú 1.251.843 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstöðumanns Kvikmyndamiðstöðvar Íslands skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun landsbókavarðar skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstöðumanns Listasafns Íslands skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Menntamálastofnunar skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstöðumanns Minjastofnunar Íslands skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstöðumanns Náttúruvinnu- og landbúnaðarstofnunar Íslands skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 133, nú 866.128 krónur. Að auki skal greiða honum 12 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstöðumanns Rannsóknarmiðstöðvar Íslands, Rannís skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.



Mánaðarlaun þjóðleikhússtjóra skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun þjóðminjavarðar skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun þjóðskjalavarðar skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Samgöngustofu skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 138, nú 1.023.517 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Vegagerðarinnar skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 143, nú 1.210.442 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Heilbrigðisstofnunar Austurlands skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Heilbrigðisstofnunar Norðurlands skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Heilbrigðisstofnunar Vesturlands skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 137, nú 989.836 krónur. Að auki skal greiða honum 35 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Landspítalans skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 145, nú 1.294.693 krónur. Að auki skal greiða honum 135 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Sjúkrahúsins á Akureyri skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 140, nú 1.094.455 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Vinnueftirlits ríkisins skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Vinnumálastofnunar skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun umboðsmanns skuldara skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun landgræðslustjóra skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Landmælinga Íslands skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 133, nú 866.128 krónur. Að auki skal greiða honum 15 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs skulu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 133, nú 866.128 krónur. Að auki skal greiða honum 15 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör vegna þeirra starfa sem úrskurður þessi tekur til gilda reglur kjararáðs um almenn starfskjör frá 17. nóvember 2015.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. desember 2017.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Svanhildur Kaaber